

Nr. 504

27. maí 2014

AUGLÝSING um deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis á Húsafelli, Borgarbyggð.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti á fundi sínum 10. apríl 2014 nýtt deiliskipulag fyrir verslunar- og þjónustusvæði á Húsafelli.

Deiliskipulagið afmarkast af skipulagssvæði samkvæmt uppdrætti dagsettum 8. apríl 2014.

Eftir auglýsingu var samþykkt breyting á skipulagsupprætti og greinargerð dagsettri 12. nóvember 2013 með síðari breytingum dagsettum 4. febrúar 2014, sbr. ósk eigenda.

Deiliskipulagið er samþykkt með breytingu á staðsetningu byggingarreits, aukningu byggingarmagns úr 1.300 í 1.800 fermetra, hótelherbergjum fækkar úr 38 í 36 og byggingarskilmálar breytast úr einnar hæðar húsi í einnar hæða hús með kjallara undir miðkjarna. Breytingin hefur ekki í för með sér skerðingu á útsýni fyrir sumarbústaðaeigendur miðað við auglýsta tillögu. Aukning byggingarmagns felur meðal annars í sér að allt að 220 fermetrar séu á neðri hæð hússins.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 42. gr. skipulagslagar nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Borgarbyggðar, 27. maí 2014,

Lulu Munk Andersen, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 30. maí 2014